

## Fundargerð 21. fundar stjórnar SSA haldinn 17. maí 2024

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst kl. 11:15.

**Mættir stjórnarmenn SSA voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Aðalheiður Ósk Sigmundsdóttir og Þórdís Mjöll Benediktsdóttir. Lárus Heiðarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Starfsmenn Austurbrúar:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri, Valdís Vaka Stefánsdóttir (liður 3) og Jón Knútur Ásmundsson sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson frá KPMG (liður 2)

**Boðuð forföll:** Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Jóhann F. Þórhallsson.

### 1. Fundargerð SSA [nr. 20](#) (til kynningar)

### 2. Kynning og samþykkt á ársreikningi SSA

- Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson frá KPMG kynntu ársreikning SSA sem í beinu framhaldi var lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði áfram til fjárhagsnefndar.

Þá var kynntur ársreikningur Minningarsjóðs Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði einnig áfram til fjárhagsnefndar.

### 3. Kynning á fjárhagsáætlun SSA

- Valdís Vaka Kristjánsdóttir, verkefnastjóri fjármála hjá Austurbrú, kynnti uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og fyrir árið 2025. Stjórn staðfesti bæði árgjöld og fjárhagsáætlun og vísaði áfram til fjárhagsnefndar.

### 4. Undirbúningur aðalfundar SSA

- Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna við skipulagningu aðalfundar sem haldinn verður 23. maí í Frystihúsinu á Breiðdalsvík.

### 5. Svæðisbundin farsældarráð - tillaga mennta- og barnamálaráðuneytis

- Staða málsins kynnt og stjórn samþykkti að framkvæmdastjóri ynni málið áfram og óski eftir umboði frá sveitarstjórum um að samþykkja tillögu mennta- og barnamálaráðuneytis.

### 6. Umsagnir

- Umsögn um nýtt deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi - mál nr. [0265/2023](#) og [0439/2024](#)
- Umsögn um nýtt framkvæmdaleyfi/Vopnafjarðarhreppur - [mál nr. 0440/2024](#)

- Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps - [mál nr. 305/2024](#)
- Umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2025 - 2029 - [mál nr. 1035](#)

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum

**7. Mál í samráðsgátt stjórnvalda**

- [8 mál](#) í samráðsgátt.

**8. Fundargerðir og erindi til kynningar**

- SSH, fundir [nr. 576, 577 og 578.](#)
- SASS, fundir nr. [697, 608 og 609.](#)
- Sumarfundur landshlutasamtakanna í Djúpuvík 13. - 14. júní
- Samráðsfundur þingmanna kjördæmisins og stjórna SSA og SSNE

**9. Önnur mál**

- Beiðni frá skrifstofu EES og EFTA um að tilefna fulltrúa í sveitarstjórnarvettvang EES/EFTA til loka kjörtímabilsins 2022-2026. Samþykkt að formaður taki hlutverkið að sér.

Fundi slitið 12:30.

# Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Þórdís Mjöll Benediktsdóttir

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir